

uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Reynir Gunnarsson, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. desember 1984.

Nr. 198/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Lee Reyni Freer

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Þjófnður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1984 eftir ósk ákærða, Lee Reynis Freer, og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Málinu er eigi áfrýjað að því er varðar meðákærðu í héraði, en hún vildi una héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 22. f.m.

Fram hefur komið fyrir Hæstarétti, að ákærði hefur greitt fébætur þær, sem hann var dæmdur til að greiða með héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er ákærða varðar, þó svo, að refsing ákærða er hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi.

Ákærða ber að dæma til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Lee Reynir Freer, sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. ágúst 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 22. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 406-407/1984: Ákærvaldið gegn Lee Reyni Freer og Þ sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 5. júlí 1984, gegn ákærðu, Lee Reyni Freer, refsifanga á Litla-Hrauni, fæddum 3. ágúst 1945 í Reykjavík og Þ, „fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot framin í Reykjavík á árinu 1984:

I.

Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 16. maí 1984 brotist inn í íbúð á 2. hæð hússins nr. 2 við Grettisgötu og stolið þar 1.500 krónum og hljómf lutningstækjum, plötuspilara, útvarps- og segulbandstæki, magnara, tónjafnara og tveim heyrnartækjum.

II.

Ákærða Lee Reyni er einum gefið að sök:

1) Að hafa aðfaranótt sunnudagsins 15. apríl 1984 brotist inn í risíbúð að Grettisgötu 56A og stolið þar 11.000 krónum.

2) Aðfaranótt mánudagsins 7. maí brotist í þjófnaðarskyni inn í íbúð að Egilsgötu 20 og leitað þar að fjármunum, en horfið síðan af vettvangi vegna mannaferða.

3) Framangreinda nótt brotist í þjófnaðarskyni inn í íbúðir hússins nr. 11 við Leifsgötu, en lögreglumenn komu að honum á vettvangi.

Telst framangreint atferli ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningar-

laga nr. 19, 1940, en háttsemin samkvæmt ákæruliðum II 2 og II 3 við 244. gr. sbr. 20. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og ákærði Lee Reynir jafnframt til greiðslu skaðabóta.“

I.

Aðfaranótt miðvikudagsins 16. maí sl. braust ákærði, Lee Reynir Freer, inn í íbúð á 2. hæð hússins nr. 2 við Grettisgötu með því að fara inn um eldhúslugugga, sem hann reif festingu úr. Húsráðandi var sofandi í íbúðinni, er þetta var. Ákærði Lee Reynir sló þar eign sinni á sambyggt hljómflutningstæki af gerðinni Marantz, þ.e. útvarps- og segulbandstæki, plötuspilara, magnara, tónjafnara svo og tvö heyrnartæki. Hljómflutningstækin voru í skáp, sem ákærði hafði á brott með sér. Einnig stal ákærði kr. 1.500 úr seðlaveski, sem var í fötum í svefnherbergi, þar sem húsráðandi svaf. Á meðan ákærði fór inn í íbúðina, beið meðákærða fyrir utan húsið. Lét ákærði meðákærðu hafa framangreinda peninga, sem fundust á henni við handtöku, en ákærðu voru handtekin skammt frá innbrottsstað. Peningarnir og framangreind hljómflutningstæki komust til skila.

Ákærði, Lee Reynir, hefur viðurkennt framangreindan verknað. Hann kvaðst hafa verið með vinkonu sinni, meðákærðu, umrædda nótt, og voru þau peningalaus. Kom honum þá í hug að brjótast inn. Meðákærða hafi ekki tekið þátt í innbrotinu, en beðið úti á meðan. Ákærða hafi að þrábeiðni hans tekið við peningunum, þegar hann kom út, og falið þá.

Ákærða Þ kvaðst hafa verið með meðákærða Lee Reyni þess nótt. Hann hafi brotist inn á 3 - 4 stöðum, en ekki vissi hún til, að hann hefði haft fémæti upp úr því nema í síðasta húsinu. Þar stóð hún á bak við húsið, meðan ákærði braust inn um glugga. Hann hafi komið þaðan út með stóra hljómflutningssamstæðu. Auk þess hafi hann látið hana hafa 1.500 kr. í peningum. Tækin hafi þau ætlað að eiga. Þau hafi verið á leið frá húsinu og ætlað að ná sér í leigubifreið, þegar þau voru handtekin. Ákærða kvaðst hafa hitt ákærða á skírdag og þau hafi verið saman síðan. Hún hafi ekki fastan samastað, en hafi mest dvalið á geðdeild Landspítalans.

Engar bótakröfur voru lagðar fram vegna málsins.

Með játningu ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þau hafi gerst sek um þann verknað, sem þau eru ákærð fyrir í þessum lið ákæru, og varðar verknaður þeirra beggja við 244. gr. alm. hegningarлага.

II.

Aðfaranótt sunnudagsins 15. apríl sl. fór ákærði í heimildarleysi inn um kjallarglugga hússins nr. 56 A við Grettisgötu. Úr stigangangi hússins fór

hann inn í ólæsta risíbúð og stal þar um 11.000 kr. í peningum úr tösku í forstofu og seðlaveski, sem var í svefnherbergi, þar sem stúlka var sofandi. Af peningunum komust kr. 7.870 til skila. Ákærði hefur að auki greitt kæranda kr. 500. Ákærði hefur samþykkt að greiða Ingu Þöll Þór-gnýsdóttur kr. 2.630 í skaðabætur.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um framangreindan verknað, sem varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

III.

Aðfaranótt mánudagsins 7. maí sl. braust ákærði inn í húsið Egilsgötu 20 með því að brjóta upp glugga í þvottahúsi. Ákærði hugðist finna eitt-hvað fémætt, en áður en til þess kom, vaknaði húsráðandinn, sem var kona, við að ákærði var kominn inn í svefnherbergi hennar.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreindur verknaður hans sannaður, og varðar hann við 244. gr., sbr. 20. gr. alm. hegningarlaga.

IV.

Sömu nótt var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að maður væri að reyna að komast inn í íbúðir að Leifsgötu 11. Lögreglumenn handtóku ákærða í húsinu. Hafði hann komist inn um glugga í kjallara og farið í leit að verðmætum inn í íbúð í kjallara, og þaðan komst hann upp á næstu hæðir hússins, þar sem hann var handtekinn.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um framangreindan verknað, sem varðar við 244. gr., sbr. 20. gr. alm. hegningarlaga.

V.

Ákærði er síbrotamaður, sem á langan brotaferil að baki. Brýst hann iðulega inn í íbúðir manna að næturlagi og valsar þar um híbýli sofandi fólks. Vilar hann ekki fyrir sér að fara inn í svefnherbergi sofandi manna og kvenna í leit að fjármunum.

Hann hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum dómum á árunum 1964 - 1984:

1964 26. febr. 20 daga varðhald, skb. í 3 ár, fyrir líkamsárás.

1965 15. sept. 6 mán. fangelsi, skb. í 3 ár, fyrir þjófnað.

1966 3. júní 4 mán. fangelsi fyrir þjófnað og líkamsárás.

1966 12. sept. 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og brot gegn 231. gr. alm.

hgl.

- 1968 31. júlí 10 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
 1968 30. sept. 2. mán. fangelsi fyrir þjófnað.
 1969 10. okt. 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
 1970 18. mars 6 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
 1970 17. apríl 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað (hegn. auki).
 1971 2. des. 10 mán fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og fjársvik.
 1974 8. júlí 12 mán. fangelsi fyrir þjófnað og tilraun til þjófnaðar.
 1975 26. febr. 12 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
 1977 19. jan. 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
 1977 16. febr. 3. mán. fangelsi fyrir skjalafals.
 1977 25. ágúst 8 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
 1978 20. jan. 15 mán. fangelsi fyrir brot gegn 209. gr., 231. gr. og 244. gr. alm. hgl.
 1979 23. mars 3. mán. fangelsi fyrir þjófnað.
 1980 29. okt. 8 mán. fangelsi fyrir brot gegn 209. gr., 231. gr., 233. gr., 244. gr. og 244. gr., sbr. 20. gr. alm. hgl.
 1981 21. maí 2 mán. fangelsi fyrir fjársvik.
 1982 6. maí 45 daga fangelsi fyrir þjófnað og fjársvik.
 1982 4. nóv. 3. mán. fangelsi fyrir þjófnað.
 1983 23. mars 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
 1983 26. júlí 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
 1983 15. nóv. 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað og tilraun til þjófnaðar (hegningarauki).
 1983 28. nóv. Sakfelldur fyrir fjársvik. Refsing ekki dæmd.
 1984 21. maí 5 mán. fangelsi vegna þjófnaðar.

Refsing ákærða, sem er hegningarauki við dóminn frá 21. maí sl., þykir með hliðsjón af 72., 77., 78. gr. og 255. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Refsing ákærðu Þ þykir hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi, en þar sem ákærða hefur aldrei áður sætt kærur eða refsingu, þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og láta hana niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. l. nr. 22, 1955.

Þá er ákærði Lee Reynir Freer dæmdur til að greiða Ingu Þöll Þórgnýs-dóttur, Grettisgötu 56A, kr. 2.630 í skaðabætur.

Ákærðu eru dæmd til að greiða allan kostnað sakarinnar in solidum:

D ó m s o r ð:

Ákærði, Lee Reynir Freer, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærða, Þ sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal

fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. alm. hgl.

Ákærði, Lee Reynir Freer, greiði Ingu Þöll Þórgnýsdóttur kr. 2.630 í skaðabætur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

Þriðjudaginn 11. desember 1984.

Nr. 188/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Vilhjálmur Ásgrími Sveinssyni

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1984 að því er varðar ákærða Vilhjálm Ásgrím Sveinsson og eftir ósk hans. Áfrýjunin tekur eigi til þeirra tveggja manna, sem ákærðir voru ásamt honum, en þeir óskuðu eigi áfrýjunar héraðsdóms. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 13. nóvember 1984.

Af hálfu ákærvalds er fyrir Hæstarétti eigi gerð krafa um, að ákærði verði sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ.e. óheimil not bifreiðar. Verður því eigi um það atriði dæmt í Hæstarétti. Að öðru leyti er málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar að því er varðar ákærða Vilhjálm Ásgrím.

Telja verður sannað, að ákærði hafi haft hönd á stýri bifreiðarinnar og stýrt henni, er hann og félagar hans reyndu að ræsa vél hennar með því að ýta bifreiðinni áfram með handafli. Þar sem ákærði var með áfengisáhrifum, þykir þetta atferli hans verða að